

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ásmundi Friðrikssyni um kvótaflóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

1. *Hver hefur kostnaður stofnana sem heyra beint undir ráðuneytið vegna kvótaflóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd verið á árunum 2018–2020?*

Leitað var svara hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Svör bárust frá eftirtöldum stofnunum: Sjúkrahúsinu á Akureyri, Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Í svari Landspítala kom fram að þeir sem falla undir hugtakið „kvótaflóttamenn“ fá íslenska kennitölu og sjúkratryggingu strax við komuna til landsins og eru þar með ekki aðgreindir frá öðrum þjónustubegum í sjúkraskrárkerfi spítalans. Því er engin leið að finna út kostnað vegna veittrar þjónustu eða annars sem þeim tengist.

Stofnun	Kvótaflóttamenn	Umsækjendur um alþjóðlega vernd
Sjúkrahúsið á Akureyri		Greitt af Útlendingastofnun
Landspítali		Greitt af Útlendingastofnun
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis		
Heilbrigðisstofnun Vesturlands*	571.679 kr.	
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Greitt af Ísafjarðarbæ	
Heilbrigðisstofnun Norðurlands		
Heilbrigðisstofnun Austurlands		
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Enginn kostnaður	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Greitt af Útlendingastofnun	Greitt af Útlendingastofnun

*Mælt í tímabundnu auknu stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Hvammstanga á árinu 2019 487.924 kr. Túlkaþjónusta árið 2020 83.755 kr.

2. *Hver hefur kostnaður ráðuneytisins vegna þjónustusamnings við Rauða kross Íslands verið á tímabilinu?*

Ráðuneytið er ekki í samningssambandi við Rauða krossinn um kvótaflóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

3. *Hver hefur kostnaður ráðuneytisins vegna heilbrigðisþjónustu kvótaflóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd verið á tímabilinu?*

Ráðuneytið hefur hvorki borið kostnað vegna heilbrigðisþjónustu kvótaflóttamanna né umsækjenda um alþjóðlega vernd á tímabilinu.

4. *Hve margir umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa greinst með COVID-19 við komuna til landsins það sem af er árinu?*

Frá því að COVID-faraldurinn hófst hér á landi hafa þrír kvótaflóttamenn greinst og tíu umsækjendur um alþjóðlega vernd.

5. *Hver hefur annar kostnaður ráðuneytisins vegna kvótaflóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd verið á árunum 2018–2020?*

Ráðuneytið hefur ekki borið annan kostnað vegna kvótaflóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd á árunum 2018–2020.